

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að innheimta gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins, samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Árlegt gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera kr. 7.000.

3. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald ef hreinsun rotþróa er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar hreinsunar. Gjald þetta skal þó aldrei vera herra en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps og staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og samkvæmt samþykkt Súðavíkurhrepps um fráveitur og notkun og hreinsun rotþróa í Súðavíkurhreppi og öðlast gildi 1. janúar 2004.

Þannig samþykkt á 28. fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þann 27. nóvember 2003.

Súðavík, 10. desember 2003.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðaustur Hvaleyrarholt“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar á fundi sínum þann 3. júlí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðaustur Hvaleyrarholt“ í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 15. desember 2003.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.